

Fundur - 8. febrúar 2006

Ár 2006 þann 8. febrúar kom mennta-og menningarmálanefnd saman til fundar á Reykhólum. Mættir allir aðalmenn auk skólastjóra Áslaugar Guttormsdóttur, fulltrúa foreldra Dísu Sverrisdóttur og fulltrúa kennara Rebekku Eiríksdóttur. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir.
- 2) Umsókn um námsvist í Reykhólaskóla, erindi frá Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Fram kom að Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar væri búin að draga þessa umsókn til baka.

Allnokkrar umræður urðu um þessi mál og skyldur Reykhólaskóla og Reykhólahrepps almennt í þessum málum. Kynnt var skriflegt álit sérfræðinga skólans.

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu:

*Skólanefnd lýsir yfir fullum stuðningi við þau sjónarmið að Reykhólaskóli sé ekki að svo stöddu í stakk búinn til að taka við fleiri nemendum sem sendir eru í fóstur af barnaverndaryfirvöldum annarra sveitarfélaga og vísast til greinargerðar frá sérfræðingum skólans þar að lútandi.*

Samþykkt samhljóða.

- 3) Erindi frá Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur. Óskað er eftir styrk til þess að útbúa námsspil þar sem áhersla er lögð á sögu og landafræði í Austur-Barðastrandarsýslu. Um er að ræða lokaverkefni í kennaranámi umsækjanda.

Nefndin tekur jákvætt í málið en nánari upplýsingar vantar. Vísað til hreppsnefndar.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið.

*Karl Kristjánsson (sign)*

*Ingvar Samúelsson (sign)*

*Dísa Sverrisdóttir (sign)*

*Ágústa K. Bragadóttir (sign)*

*Rebekka Eiríksdóttir (sign)*

*Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)*

*Einar Örn Thorlacius (sign)*